

Kynning fyrir framboð í stjórn HRFÍ

Heiðar Sveinsson heiti ég og hef verið í hundasporti síðan við fjölskyldan fengum okkar fyrsta hund í febrúar 2007. Ég er kvæntur Dagmar Jensdóttur og eigum við tvö börn og tvö barnabörn.

Suðurhjara Atlas kom til okkar 2007 sem var labrador og hugmynd mín var alltaf að vinna með hann sem veiðihund og heimilishund.

Ég var ákveðinn frá upphafi að eiga hreinræktaðan hund og vinna með hann í gegnum HRFÍ, gerðist því strax meðlimur í félaginu og í Retrieverdeild.

Eftir brölt við að fá rétta þjálfun og bara talsvert bras að gera hundinn eins og ég vildi, komst ég í kynni við öflugan aðila innan Retrieverdeildar sem stóðu að sameiginlegum æfingum. Í framhaldi var mér boðið með og síðan hefur ekki verið aftur snúið.

Mér féll afar vel að vinna með Atlasi og náðum við vel saman, þó var enn meira gaman að kynnast góðu fólki í deildinni og félaginu sem var tilbúið til samvinnu og verka.

Árið 2009 skráði ég mig í veiðinefnd Retrieverdeildar og svo 2011 bauð ég mig fram í stjórn deildarinnar. Þar átti ég eftir að vera í 6 ár og þar af seinni 3 sem formaður deildarinnar. Ég átti mjög gott samstarf við stjórn og deildina ásamt stjórn HRFÍ og skrifstofu HRFÍ.

Hætti í stjórn vorið 2017, hélt samt áfram að vinna með deildinni í veiðinefnd, dómaraáði sem sér um menntun dómara og svo sérverkefnum fyrir deildina eins og uppfærslu á veiðiprófsreglum og utanumhald um veiðipróf, aðsókn, skráningar og fleira.

Í janúar 2019 bauð ég mig aftur fram til stjórnar Retrieverdeildar og var kjörinn. Í framhaldinu valdi nýskipuð stjórn mig sem formann deildarinnar.

Á meðan á þessu hefur staðið hefur hundaeign mín breyst, 2012 fékk ég í hendurnar hana Kolu sem er field trial labrador hundur og báðir foreldrar eru frá Kolkuós ræktun. Fékk góðan stuðning við þjálfun og lagði mig mikið fram með Kolu, við urðum fljótt öflugt teymi og hefur hún veitt mér ómælda ánægju bæði í veiðiprófum og á veiðum.

Árið 2016 gaut Kola 9 hvolpum og þá vorum við hjónin orðin ræktendur, ræktunarnafnið er Heiðarbóls Labrador. Við tókum einn hvolp úr gotinu og erum nú með tvær tíkur, ISFTCH Kola og Heiðarbóls Dimma.

Ég hef mikinn áhuga á þjálfun hunda og legg mig fram um að fylgja eftir hundum úr mínum gotum.

Ég býð fram krafta mína fyrir HRFÍ þar sem ég tel að ég geti haft jákvæð áhrif á okkar góða félag. Ég hef alltaf staðið þétt við HRFÍ þar sem ég gerði mér fljótt grein fyrir að án félagsins væri sportið sem ég hef svo gaman að og vinnan með hundunum ekki fugl né fiskur.

Ég hef ekki endilega verið sammála öllum ákvörðunum, engu að síður aldrei fundið annað en að allir sem starfa að okkar málum hvar sem þeir eru í starfinu, félaginu, deildunum, nefndum eða á skrifstofunni hafi hagsmuni okkar að leiðarljósi og meini allt það besta.

Ég óska eftir þínum stuðningi til að geta unnið jákvætt og uppbyggjandi starf með þeim sem veljast með mér í stjórn hverju sinni.

Með virðingu og vinsemd,

Heiðar Sveinsson

